

Nd.

490. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 91 frá 14. maí 1940, um húsaleigu.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Óheimilt er að hækka húsaleigu eftir húsnæði frá því, sem goldið og umsamið var hinn 14. maí 1940, nema sem svarar auknum almennum viðhaldskostnaði, og þá samkvæmt visitölu, er kauplagsnefnd ákveður með aðstoð hagstofunnar. Visitalan, miðuð við almennan viðhaldskostnað eins og hann var 4. apríl 1939, skal reiknuð út tvisvar á ári, 14. maí og 1. okt., og gildir til næsta flutningsdags.

Enn fremur er heimilt að hækka eftir mati leigu eftir húsnæði sökum verðhækkunar á eldsneyti, sem innifalið er í leigunni, vaxta- og skattahækkunar af fasteignum og annars þess háttar, svo og húsnæði, sem af sérstökum ástæðum hefur verið, leigt lægra en sambærilegt húsnæði á þeim stað (kaupstað, kauptúni eða sveit). Verði hækkun metin á leigu, kemur hún til framkvæmda 14. maí eða 1. október.

Lög þessi taka ekki til leigu á einstökum herbergjum, sem leigutaki eða húseigandi leigir einhleypum út frá íbúð sinni.

2. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, er verði 3. og 4. gr. (og breytist greinatala laganna samkvæmt því):

- a. (3. gr.) Íbúðarherbergi má ekki taka til annarrar notkunar en íbúðar og íbúðarhús má ekki rífa, nema heilbrigðisnefnd banni að nota þau til íbúðar. Húsaleigunefnd (fasteignamatsnefnd) getur þó veitt sérstakt leyfi til þessa og sett það skilyrði, að húseigandi sjái um jafnmikla aukningu á húsnæði til íbúðar annars staðar í hlutaðeigandi kaupstað, kauptúni eða sveit.
- b. (4. gr.) Húsaleigunefnd (fasteignamatsnefnd) skal heimilt að taka til umráða auðar íbúðir og ráðstafa þeim til afnota handa húsnæðislausu fólki, enda komi fullt endurgjald fyrir. Áður en nefndin tekur íbúð til umráða, skal hún setja húseiganda hæfilegan frest til að ráðstafa íbúðinni til afnota handa húsnæðislausum innanhéraðsmanni. Geri hann þetta ekki, skal nefndin rannsaka málið og síðan úrskurða, hvort íbúðin skuli tekin og ákveða leiguupphæð, leigutíma og annað, sem þörf þykir að taka ákvörðun um og málsaðilum kemur ekki saman um. Úrskurður húsaleigunefndar er fullnaðarúrskurður.

Á sama hátt og segir í 1. mgr. er húsaleigunefnd heimilt að taka til sinna umráða annað ónotað húsnæði og útbúa það til íbúðar.

3. gr.

Við 3. gr. laganna, sem verður 5. gr., bætist ný málsg.::

Skylt skal nefndinni, að viðlögðum dagsektum, að hafa lokið við afgreiðslu eða kveðið upp úrskurð um ágreiningsatriði, sem til nefndarinnar er skotið, innan 14 daga frá því málið var afhent nefndinni til afgreiðslu eða það lagt undir úrskurð hennar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.